

Nd.

379. Nefndarálit

um till. til þál. um gjaldeyri handa innlendri iðju.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin sendi tillögu þessa, þegar eftir að henni hafði verið vísað til nefndarinnar, til umsagnar Landsbanka Íslands, Útvegsbanka Íslands h/f og gjaldeyris- og innflutningsnefndar. Svör hafa nefndinni ekki borizt frá bönkunum, en aftur á móti hefir gjaldeyris- og innflutningsnefnd orðið við ósk nefndarinnar og svarað með bréfi, sem hér með fylgir sem sérstakt fylgiskjal.

Samkvæmt upplýsingum, sem iðnaðarnefnd hefir aflað sér, virðist bæði af gjaldeyrisnefnd og bönkum höfð á því full viðleitni, að sjá innlendum iðnfyrirtækjum fyrir nauðsynlegum gjaldeyri til hráefnis- og vélakaupa, þó að sökum hins sérstaklega erfiða gjaldeyrisástands hafi ekki tekizt að verða við þessum kröfum að fullu. — Nefndin er því þeirrar skoðunar, að ekki sé ástæða til að gera að svo stöddu sérstakar áskoranir á gjaldeyrisnefnd og banka í þessu skyni, þar sem eftir því, sem fyrir liggur, ekki er ástæða til að ætla, að þessar stofnanir geri ekki sitt ýtrasta til að útvega þennan gjaldeyri. Fyrir því leggur nefndin til, að tillagan verði afgreidd með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að bæði gjaldeyris- og innflutningsnefnd og bankar þeir, er verzla með erlendan gjaldeyri, geri sitt ýtrasta til að útvega innlendum iðn- og iðjufyrirtækjum nægilegan gjaldeyri til hráefna- og vélakaupa, hér eftir eins og hingað til, eftir því sem fjárhagsgetan frekast leyfir, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 28. apríl 1938.

Emil Jónsson, Sig. Ein. Hliðar, Pálmi Hannesson.
form., frsm. fundaskrifari.
Bjarni Ásgeirsson. Sigurður Kristjánsson.

Fylgiskjal.

GJALDEYRIS- OG INNFLUTNINGSNEFND

Reykjavík, 23. apríl 1938.

Vér höfum mótttekið heiðrað bréf yðar, dags. 4. þ. m., og viljum í tilefni af því taka fram eftirfarandi:

Frá því að gjaldeyris- og innflutningshöft voru sett hefir verið tekið sérstakt tillit til innanlands iðnaðar, enda hefir hann færzt mjög í aukana á undanförunum árum, svo sem kunnugt er, og innflutningur á vélum og efni til iðnaðar farið sívaxandi, og efnivaran orðin mjög stór liður í innflutningi landsins.

Það virðist þess vegna tæplega geta talizt eðlilegt, að iðnaðarmenn þurfi að kvarta yfir takmörkun á leyfum til þeirra, þegar þess er gætt, að innflutningur efnivara til iðnaðar hefir stórauðizt samtímis því, að innflutningurinn í heild sinni hefir verið takmarkaður stórkostlega. Hinsvegar eru auðvitað takmörk fyrir því, hvað hægt er að veita af gjaldeyri til iðnaðar, og ennfremur á ekki allur iðnaður sama rétt á sér að voru áhiti.

Virðingarfyllst,

Gjaldeyris- og innflutningsnefnd.
Einv. Hallvarðsson.

Til iðnaðarnefndar neðri deildar Alþingis,
Reykjavík.